



GRÆNT BÓKHALD 2010

NORÐURÁL GRUNDARTANGI EHF

Góð umgengni við umhverfið er lykilatriði í ábyrgum rekstri fyrirtækisins og er tryggð með stöðugri vöktun umhverfispáttá



YFIRLÝSING FORSTJÓRA OG FRAMKVÆMDASTJÓRA


Undirritaðir staðfesta hér með að allar upplýsingar sem fram koma í grænu bókhaldi fyrirtækisins fyrir árið 2010 eru réttar og veittar samkvæmt bestu vitund.


Með tilliti til umhverfismála var rekstur fyrirtækisins með eðlilegum hætti á árinu og virkri vöktun sinni í samræmi við vöktunaráætlun og kröfur starfsleyfis.

Rekstur Norðuráls Grundartanga ehf. tekur mið af umhverfisstefnu fyrirtækisins og er ávallt tekið fullt tillit til umhverfismála í allri starfsemi og ákvarðanatöku. Mengunarvarnarbúnaður uppfyllir ítrustu kröfur og niðurstöður greininga á umhverfisvöktun eru nýttar til stöðugra umbóta með það að markmiði að lágmarka umhverfisáhrif af starfsemi fyrirtækisins.

Grænt bókhald gegnir veigamiklu hlutverki í umbótaferlinu þar sem upplýsingum um endurvinnslu og förgun auk notkunar á hráefnum er haldið til haga. Góð umgengni við umhverfið er lykilatriði í ábyrgum rekstri fyrirtækisins og er tryggt með stöðugri vöktun umhverfisþátta.

Rekstur fyrirtækisins á árinu 2010 var í samræmi við rekstraráætlanir og gott jafnvægi í rekstrinum.


Ragnar Guðmundsson
Forstjóri


Gunnar Guðlaugsson
Framkvæmdastjóri

ENDURSKOÐUN

VSÓ RÁÐGJÖF

Áritun endurskoðanda.

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirfarið upplýsingar sem fram koma í grænu bókhaldi fyrir Norðurál Grundartanga ehf fyrir árið 2010. Þetta er gert í samræmi við kröfur í reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Norðurál Grundartanga ehf er í flokki þeirra fyrirtækja sem falla undir viðauka þeirrar reglugerðar. Grænt bókhald er fært af stjórnendum Norðuráls Grundartanga ehf og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð mín felst á því álit sem ég læt í ljós á framsettum gögnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við góðar endurskoðunarvenjur, en samkvæmt henni ber að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að gögn sem fram koma í grænu bókhaldi fyrirtækisins, séu í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar sem fram eru settar í grænu bókhaldi. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærðargráðu einstakra þátta sem upp eru taldir í græna bókhaldinu. Allar framsettar upplýsingar eru bornar saman við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi fyrir Norðurál Grundartanga ehf.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanleg traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að grænt bókhald Norðuráls Grundartanga ehf gefi glöggva mynd af umhverfisáhrifum rekstrarins fyrir árið 2010.

Reykjavík, 4. maí 2011.

VSÓ Ráðgjöf



Guðjón Jónsson
efnaverkfræðingur

STEFNA OG FRAMTÍÐARSÝN NORÐURÁLS

Stefna Norðuráls er að framleiða ál sem mætir þörfum viðskiptavina á hverjum tíma á ábyrgan, öruggan og samkeppnisfæran hátt.

Framtíðarsýn Norðuráls er að skila eigendum sínum góðri arðsemi og vera kjölfesta í samfélaginu sem nýtir mannauð, eignir og auðlindir á ábyrgan hátt þannig að fyrirtækið sé fyrirmynd annarra á Íslandi sem og á alþjóðlega vísu.

Starfmenn vinna samkvæmt stefnumiðum Norðuráls til að ná settum markmiðum og framtíðarsýn með markvissri hugsun, stöðugum umbótum, ábyrgð, hagsýni og samstarfi.



Stefnumið Norðuráls

HLUTVERK

- að skapa verðmæti á samkeppnisfæran hátt
- að framleiða ál sem mætir þörfum viðskiptavina
- að vera ábyrgur þegn í samfélaginu

FRAMTÍÐARSÝN

- að vera fyrirtæki í fremstu röð
- að sýna gott fordæmi í öryggis- og umhverfismálum
- að vera eftirsóknarverður vinnustaður

GILDI

- Hagsýni
- Liðsheild
- Heilindi

STJÓRN OG STARFSLEYFI

Norðurál Grundartangi ehf. er dótturfélag Norðuráls ehf. Forstjóri beggja félaganna og ábyrgðaraðili er Ragnar Guðmundsson. Norðurál ehf. er í eigu bandaríska fyrirtækisins Century Aluminum Company. Í stjórn Norðuráls ehf. og Norðuráls Grundartanga ehf. sitja Wayne Hale, Michelle Lair og Ragnar Guðmundsson.

Álver Norðuráls Grundartanga ehf. hefur starfsleyfi fyrir framleiðslu á allt að 300.000 tonnum af áli. Starfsleyfið var gefið út af Umhverfisstofnun þann 24. febrúar 2003 en stofnunin er jafnframt eftirlitsaðili með starfsemi fyrirtækisins. Starfsleyfið gildir til 1. júní 2020 og er veitt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi sem getur haft í för með sér mengun.

Samkvæmt starfsleyfinu skal rekstur álversins vera í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Starfsemi Norðuráls Grundartanga fellur undir fyrirtækjaflokk 2.1 álframleiðsla samkvæmt reglugerð 851/2002 um grænt bókhald.

Samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 785/1999 um starfsemi sem getur haft í för með sér mengun skal rekstur álversins vera í samræmi við bestu fánlegu tækni sem völ er á í kerskálum, málmsteypu og hreinsivirkjum þeim tengdum. Bestu fánlegu tækni er lýst í ákvæðum tilskipunar nr. 96/61/ESB um mengunarvarnir og eftirlit og skilgreind í tilmælum nr. 94/1 innan Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Framkvæmdastjórn Norðuráls Grundartanga ehf. skipa:


Gunnar Guðlaugsson	Framkvæmdastjóri
Aksel Jansen	Innkaupastjóri
Árni Stefánsson	Framkvæmdastjóri skautsmiðju og steypuskála
Fjalar Ríkharðsson	Framkvæmdastjóri viðhaldsviðs
Gauti Höskuldsson	Framkvæmdastjóri kerskála
Einar F Björnsson	Framkvæmdastjóri umhverfis- og verkfræðisviðs
Rakel Heiðmarsdóttir	Framkvæmdastjóri mannauðssviðs
Sandra M. Sigurjónsdóttir	Framkvæmdastjóri fjármálasviðs
Trausti Gylfason	Öryggisstjóri

NORÐURÁL

Norðurál Grundartangi hóf starfsemi árið 1998. Ársframleiðslan var í upphafi 60.000 tonn og fjöldi starfsmanna 160. Álverið hefur vaxið í hóflegum áföngum og náði 260.000 tonna framleiðslugetu árið 2007. Stöðugildi eru nú um 530 talsins.

Störf hjá Norðuráli eru fjölbætt. Þar starfar fólk með fjölbreytta menntun auk ófaglærðra starfsmanna sem öðlast sérhæfingu við störf sín og nám hjá álverinu. Stefna Norðuráls er að starfsfólk komi sem mest úr nágrennabyggðum.

Norðurál hefur frá upphafi valið „íslensku leiðina“. Þannig hefur fyrirtækið verið byggt upp með hliðsjón af íslenskum aðstæðum og þess gætt að það vaxi í hóflegum áföngum í sátt við íslenskt samfélag. Norðurál hefur lagt áherslu á að nýta íslenskt hugvit og íslenska þjónustu sem frekast er unnt.



Framleiðsla Norðuráls hefur verið byggð upp í 5 áföngum.

Það er stefna Norðuráls að starfsumhverfi, jafnt sem ytra umhverfi sé eins heilnæmt og kostur er með velferð starfsmanna, nágranna og náttúrunnar að leiðarljósi. Varfærni í umhverfismálum verði eðlilegur þáttur í allri starfsemi og ákvarðanatöku. Með markvissri endurskoðun og endurbótum á starfseminni er sífellt reynt að ná betri árangri í umhverfismálum.


Fyrirtækið hefur staðið að rannsóknarverkefnum og nýsköpun á þessu sviði. Þar má nefna alþjóðlegar viðurkenningar vegna lækkunar á tíðni svokallaðra spennurisa en sá árangur stuðlar einnig að lágmörkun á losun koldíoxíðsígilda.

Þá hefur Norðurál tekið í gagnid nýja tækni við hitun á biðofnum í steypuskála. Hún felst í því að ofnarnir eru hitaðir með rafmagni í stað olíu, sem ásamt gasi er algengasti orkugjafinn til slíkra nota í álverum. Norðurál er einn af brautryðjendum á þessu sviði í heiminum en hér fara saman bætt loftgæði, hljóðlátari starfsemi og minnkuð koldíoxíðlosun.


LOSUN TIL LOFTS OG ÞYNNINGARSVÆÐI

Losun á flúor, ryki og brennisteinsdíoxíði á sér stað um skorstein og um rjáfur kerskála.


Stöðugar ljósgleypnimælingar eru gerðar í skorsteinum þurrhreinsivirkjana með þar til gerðum lasermælum. Mælarnir gefa upplýsingar um styrk efnana á rauntíma.



Öll losun Norðuráls á loftkenndum flúor er mæld með til þess gerðum lasermælum bæði skorsteinum og í rjáfri kerskála. Starfsleyfismörk ræsingarára jafngilda skammtímamörkum við eðlilegan rekstur.




Ryklosun er mæld í skorsteinum með lasermælum en notast er við ljósfrákastsmælingar. Starfsleyfismörk ræsingarára jafngilda skammtímamörkum við eðlilegan rekstur.




Brennisteinsdíoxíð er mælt með UV mæli sem skannar útfjólubláa litrófið frá 180nm og upp í 340nm

Koldíoxíðgildislosun Norðuráls á PFC efnum



Losun á gróðurhúsalofttegundum vegna PFC efna er í réttu hlutfalli við fjölda spennurisa og lengd þeirra. Mæling á spennurisu með spennu yfir 8V ákvarðar spennurisið sjálf.




Þynningarsvæði iðnaðarsvæðisins á Grundartanga

Þynningarsvæði er það svæði þar sem þynning á útstreymi á að eiga sér stað. Utan þess skal styrkur skilgreindra efna vera undir viðmiðunarmörkum sem þar eru sett. Fylgst er með styrk þessara efna í umhverfinu samkvæmt vöktunaráætlun sem samþykkt er af Umhverfisstofnun.

FLÆÐIGRYFJUR

Samkvæmt starfsleyfi Norðuráls er leyfilegt að koma sérstökum ónýttum, föstum úrgangi fyrir í svokölluðum flæðigryfjum við ströndina í nágrenni álversins. Slíkur fastur úrgangur er m.a. kerbrot, óendurvinnanlegar málmleifar, kola- og súralsryk. Flæðigryfja er afmörkuð með grjótgarði og hún síðan fyllt með úrganginum. Veggir flæðigryfjunnar hindra að föst efni berist til sjávar.

Kerbrot eru blönduð og hulin skeljasandi jafnóðum og þau eru sett í flæðigryfjuna. Þegar hámarkshleðsluhæð kerbrota er náð, eru þau hulin skeljasandi og jarðvegi. Sjór fellur svo um gryfjuna vegna sjávarfalla og með aðstoð skeljasandsins, hlutleysast þau efni sem eru í kerbrotunum og verða skaðlaus.



Efnavöktun flæðigryfju

Reglubundið eftirlit er með losun sýaniðs, flúoríðs og hliðarmálma í sjó frá kerbrotagryfjum. samkvæmt vöktunaráætlun samþykktari af Umhverfisstofnun.

Til þess að meta magn efna, sem flæða út úr gryfjunni, eru tekin viðmiðunarsýni við Kalastaði, enda hafa grunnrannsóknir sýnt að sjór flæðir inn í fjörðinn að sunnanverðu og út að norðanverðu.

Staðsetning	Sýni tekið	As (µg/L)	Cd (µg/L)	Cr (µg/L)	Cu (µg/L)	Hg (µg/L)	Ni (µg/L)	Pb (µg/L)	Zn (µg/L)
Kerbrotagryfja	Yfirborð næst Landi	5,1 ±1,8	0,07 ±0,03	1,01 ±0,24	7,4 ±2,2	<0,002	7,3 ±1,1	1,0 ±0,3	15,0 ±10,2
Garður suðurendi	Yfirborð næst Landi	2,2 ±0,7	<0,05	0,29 ±0,20	1,1 ±0,2	<0,002	0,5 ±0,0	0,5 ±0,3	4,3 ±2,0
Garður suðurendi 4 m	4m frá Landi 1m dýpi	2,0 ±0,4	<0,05	0,33 ±0,17	0,8 ±0,2	<0,002	<0,5 ±0,0	0,4 ±0,2	3,1 ±0,5
Garður miðja	Yfirborð næst Landi	2,2 ±0,1	<0,05	0,36 ±0,12	1,3 ±0,5	<0,002	0,9 ±0,4	1,0 ±1,1	5,4 ±3,1
Garður miðja 4m	4m frá Landi 1m dýpi	2,4 ±0,6	<0,05	0,40 ±0,33	1,5 ±1,2	<0,002	0,9 ±0,5	0,5 ±0,3	4,4 ±0,8
Garður norðurendi	Yfirborð næst Landi	2,5 ±1,2	<0,05	0,45 ±0,26	1,7 ±0,9	<0,002	0,9 ±0,3	0,5 ±0,3	4,4 ±2,3
Garður norðurendi 4 m	4m frá Landi 1m dýpi	2,4 ±1,2	0,05	0,43 ±0,14	1,4 ±0,7	<0,002	0,8 ±0,3	0,4 ±0,2	3,3 ±1,2
Kalastaðir	Yfirborð næst Landi	2,4 ±0,9	<0,05	0,43 ±0,16	1,0 ±0,4	<0,002	0,6 ±0,1	0,4	3,3 ±2,9

Þynning og hlutleysing á sjó sem fer um kerbrotagryfju út á opið haf er það mikil að ekki er að vænta teljandi umhverfisáhrifa.

Umhverfismörk málna skv. Fg. 796/1999	I µg/L	II µg/L	III µg/L	IV µg/L	V µg/L
Kopar	<0,5	0,5-3	3-9	9-45	>45
Zink	<5	5-20	20-60	60-300	>300
Kadmíum	<0,01	0,01-0,1	0,1-0,3	0,3-1,5	>1,5
Blý	<0,2	0,2-1	1-3	3-15	>15
Króm	<0,3	0,3-5	5-15	15-75	>75
Nikkel	<0,7	0,7-15	15-45	45-225	>225
Arsenik	<0,4	0,4-5	5-15	15-75	>75

- Mjög lítil eða engin hættu á áhrifum
- Lítil hættu á áhrifum
- Áhrifa að vænta á viðkvæmt lífríki
- Áhrifa að vænta
- Ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki/þynningarsvæði

Sýnatökustaður	Sýnataka	Cýnanið Fritt (mg/L)	Cýnanið heild (mg/L)	Flúor (mg/L)
1 Kerbr.gryfja	Yfirborð næst landi	0,28 ±0,24	0,75 ±0,69	17,8 ±1,3
2 Garður suðurendi	Yfirborð næst landi	<0,005	<0,005	1,0 ±0,0
3 Garður suðurendi 4 m	4 m frá landi 1m dýpi	<0,005	<0,005	1,1 ±0,1
4 Garður miðja	Yfirborð næst landi	<0,005	0,009 ±0,007	2,5 ±1,9
5 Garður miðja 4m	4 m frá landi 1m dýpi	0,019 ±0,025	0,022 ±0,030	1,9 ±0,9
6 Garður norðurendi	Yfirborð næst landi	0,014 ±0,016	0,044 ±0,052	2,5 ±1,5
7 Garður norðurendi 4 m	4 m frá landi 1m dýpi	<0,005	0,021 ±0,013	2,2 ±0,8
8 Kalastaðir	Yfirborð næst landi	<0,005	0,009 ±0,003	0,96 ±0,01

Meðaltöl mælinga á sýnum teknum 8. júl. 21. sept. og 29. okt. 2010

NIÐURSTÖÐUR

Hráefnis- og auðlindanotkun 2010	Magn/fjöldi	Eining
Fjöldi starfsmanna	530	
Raforkunotkun	4.144	GWst
Olíunotkun	521.815	lítrar
Gasnotkun	223,7	tonn
Notkun á köldu vatni	138.650	m ³
Notkun á sjó	7.884.000	m ³
Heildarhráefnisnotkun	2,4	t/t Al
Innflutt hráefni	2,4	t/t Al
Efni flokkuð sem eiturefni & hættuleg efni (fast)	540.280	tonn
Efni flokkuð sem eiturefni & hættuleg efni (fljótandi)	570.190	lítrar
Notkun umbúða og þökkunarefnis	< 400	tonn
Losun efna og meðhöndlun úrgangs	Magn	Eining
Losun efna í andrúmsloft		
Flúoríð (loftkennt og rykbundið) F	0,41	kg/t Al
Brennisteinstvíoxíð SO ₂	11,2	kg/t Al
Ryk	0,81	kg/t Al
Koltvísýringur CO ₂	1.49	kg/t Al
Kolmónoxíð CO	65,2	kg/t Al
Flúorkolefnissambönd, PFC CO ₂ ígildi	160	kg/t Al
Fjölhringa arómatísk vetniskolefni PAH16	0,0006	kg/t Al
Losun efna í sjó		
Flúoríð	0,019	kg/t Al
Sýanið (CN)	0,0029	kg/t Al
Seyra	0,07	kg/t Al
Olía / fita í kælivökva frá steypuskála og afriðlum	< 0,5	ppm
Losun efna í holræsakerfi sveitarfélags		
Tæming á rotþró	0,15	kg/t Al
Magn úrgangs til förgunar		
Pressanlegur úrgangur	0,78	kg/t Al
Förgun í flæðigryfju	40,4	kg/t Al
Magn úrgangs til endurvinnslu		
Skautleifar og kolaryk	105,1	kg/t Al
Álgjall	9,6	kg/t Al
Timbur	1,3	kg/t Al
Málmar	9,36	kg/t Al
Pappír	0,007	kg/t Al
Magn spilliefna til förgunar til viðurkenndrar móttökustöðvar		
Samtals spilliefni	0,011	kg/t Al

Framleiðsla og hráefnisnotkun 2006 - 2010

	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
Framleiðsla á hreinu áli	161.511	238.041	273.825	278.244	276.113	tonn
Súrál	304.635	460.131	526.303	539.000	531.400	tonn
Áflúorið	2.215	4.048	4.397	5.100	5.085	tonn
Forbökuð skaut (netto notkun)	71.810	97.981	119.600	116.000	114.200	tonn
Própangas	860	865	556	219	244	m ³
Flotaolía MDO	146,5	215,3	0	0	0	m ³
Gasolía (Dieselolía)	266	325	452	402	551	m ³
Sódi	274,5	70	20	98	281	tonn
Kragasalli	1.316	1.587	1.697	1.506	1.488	tonn
Steypujárn	920	684	362	918	812	tonn
Gafflar og viðgerðarefni	2.110	1.198	300	793	1.369	tonn
Raforka	2.589.724	3.590.078	4.041.350	4.176.000	4.144.000	MWst
Iðnaðarvatn	43.600	51.380	62.200	49.400	55.400	m ³
Neysluvatn	51.000	59.000	80.800	73.400	83.200	m ³
Sjór	2.141.360	16.398.720	13.140.000	7.884.000	7.884.000	m ³
Glussaolía	5,8	9,8	11,0	17,2	17,0	tonn
Kæliolía	10.191	13.104	7.130	3.860	3.692	lítrar
Ýmis olíuhreinsiefni	440	1.060	1.760	4.335	642	lítrar
Smurolía	620	4.513	5.600	5.400	3.490	lítrar
Bakskautsteinar	112	929	560	775	1.630	tonn
Kísiljárn	11,2	14	15	15	17,2	tonn
Ferromangan	3	5	4	6	7,5	tonn
Ferrofosfór	5	13	1	5	12	tonn
Kolefni	23	37	1	23	37	tonn
Stálhögl	36	60	47	40	47	tonn
Tréspírur	18.260	48.556	61.110	32.200	28.380	stk
Rafgeymar	11	18	41	88	46	stk

**Notkun efna sem flokkuð eru sem eitrefni og hættuleg efni 2006 - 2010
(Xn, T, Tx, C, Xi, E, Fx, F, O, N)**

Efni	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
DAG 2671 (O,T,N)	2.000	7.500	4.000	3.000	2.570	lítrar
DAG 554/20 (C,N,Xn)	3.250	6.800	8.975	6.775	0	lítrar
Plicast strong mix P	197	152	19,9	68,4	158	tonn
Þjöppusalli (T)	925	640	106	349	1.620	tonn
Kragasalli (T)	1.316	1.587	1.697	1.506	1.490	tonn
Própangas (Fx,F,E)	860	865	556	219	244	m ³
Flotaolía MGO (Xn, O)	147	215	0	0	0	m ³
Gasolía (Dieselolía) (Xn,O)	266	325	452	402	551	m ³
SPARTAN EP 220	50	200	0	0	20	lítrar
Glussaolía	5,8	9,8	11,0	17,2	17,0	m ³
Krýólít	6.983	129	0	0	0	tonn
Sódi (Xi)	274.5	70	20	98	281	tonn
Álfúorið (Xn)	2.215	4.048	4.397	5.100	5.085	tonn
Súrál (Xn)	304.635	460.131	526.303	539.000	531.400	tonn
Ferromangan (Xn)	3	5	4	6	7,5	tonn
Ferfosfór (Xn)	5	13	1	5	12	tonn

Losun í loft 2006 - 2010

Efni	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
CO	14.400	19.875	20.716	18.700	18.000	tonn
CO ₂	266.000	362.000	410.000	419.000	411.550	tonn
CF ₄	53.000	58.000	48.000	26.000	32.000	t CO ₂ ígildi
C ₂ F ₆	18.000	19.000	16.000	8.900	10.900	t CO ₂ ígildi
SO ₂	1.800	2.210	3.448	3.478	3.092	tonn
Fjólhringa arómatísk vetnis- kolefni	97	143	164	167	166	kg
Heildarflúor	78	127	116	120	113	tonn
Ryk (PM10)	177	186	250	243	224	tonn

Losun í sjó 2006 - 2010

Efni	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
Flúorið	9,6	17,9	7,6	5,3	5,3	tonn
Sýanið (CN)	<400	<200	<200	<200	804	kg

Úrgangur 2005 - 2009

Úrgangur frá fráveitu	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
Seyra	20	45	<10	6	19	tonn
Annar úrgangur (úr rotþrómm)	15	20	<10	41	4	tonn

Úrgangur til endurvinnslu	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
Skautleyfar	17.551	26.077	26.219	26.070	27.759	tonn
Kolaryk	1.080	1.015	1.350	1.539	1.260	tonn
Álgjall	1.647	2.224	2.971	3.409	2.644	tonn
Timbur	804	766	215	249	380	tonn
Málmur	1.220	940	930	1.222	2.586	tonn
Skrifstofupappír	2	2	2	2	2	tonn

Spilliefni	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
Oliúúrgangur	3	4	3	3	3	tonn
Rafgeymar og rafhlöður	1	2	1	1	1	tonn
Spilliefni	15	17	21	13	21	tonn
Úrgangsolía	14,0	24,8	24,7	16,2	28,6	m ³

Fastur úrgangur	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
Pressanlegur úrgangur	27	424	274	246	215	tonn
Hjólbarðar	9	17	10	3	8	tonn

Úrgangur 2006 - 2010

Úrgangur í flæðigryfju	Magn 2006	Magn 2007	Magn 2008	Magn 2009	Magn 2010	Eining
Skautleyfar	159	85	30	20	50	tonn
Kolaryk	37	2	60	500	100	tonn
Kerbrot	2.211	2.480	1.237	3.402	7.373	tonn
Uppsóp úr þekjuefnavinnslu	669	1.640	2.910	2.423	2.980	tonn
Deiglusteinar	117	6	0	0	0	tonn
SiC steinar	0	1	56	0	0	tonn
Möl og jarðvegur	39	1	2.790	605	670	tonn
Heildar losun í flæðigryfju	3.332	4.215	7.083	7.450	11.173	tonn

